

AkureyrarAkademían

Ársreikningur 2016

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla stjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4 - 5
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Skýringar og sundurliðanir	8 - 10

Skýrsla stjórnar

AkureyrarAkademían er samfélag fólks á Norðurlandi sem lokið hefur háskólaprófi og sinnir fræði- og /eða ritstörfum. Félagið var stofnað á árinu 2014 og tók við starfsemi Félags sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi. Tilgangur stofnunarinnar er að vera aflvaki fræðilegra rannsókna og miðlunar þeirra, með sérstakri áherslu á þverfaglegar rannsóknir og alþjóðlegt samstarf.

Tap varð af rekstri stofnunarinnar á árinu 2016 að fjárhæð kr. 361 þús. samanborið við kr. 900 þús. hagnað árið 2015. Eigð fé stofnunarinnar nam kr. 2,6 millj. í árslok 2016.

Stofnendur stofnunarinnar eru þeir fræðimenn sem staddir voru á stofnfundi og undirrituðu fyrstu skipulagsskrá stofnunarinnar. Ennfremur þeir fræðimenn sem boðaðir voru til stofnfundar, en voru fjarverandi, enda höfðu þeir eða umboðsmenn þeirra samþykkt skipulagsskránnar með undirritun sinni.

Það er álit stjórnar AkureyrarAkademiunnar að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu stofnunarinnar í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun komi fram í ársreikningnum.

Stjórn AkureyrarAkademiunnar staðfestir hér með ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2016 með áritun sinni.

Akureyri, 17. maí 2017

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Válgentur S. Bjarnadóttir
Wægeit Guðmundsdóttir
Ólafur B. Þorvaldsson

KRISTIN HRA BJÖR

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar AkureyrarAkademíunnar

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning AkureyrarAkademíunnar fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu stofnunarinnar á árinu 2016, efnahag hennar 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda hér að neðan. Við erum óháð AkureyrarAkademíunni í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi AkureyrarAkademíunnar. Ef við á skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna var ákveðið að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn AkureyrarAkademíunnar skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg víska er mikil víska, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits stofnunarinnar.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi stofnunarinnar.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Áritun óháðs endurskoðanda

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Akureyri, 17. maí 2017

Enor ehf.

Niels Guðmundsson

Niels Guðmundsson
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2016

	Skýr.	2016	2015
Rekstrartekjur			
Opinber framlög		7.196.000	4.000.000
Leigutekjur		2.065.000	2.484.000
Aðrar rekstrartekjur		1.200.500	171.000
		<u>10.461.500</u>	<u>6.655.000</u>
Rekstrargjöld			
Verkefnakostnaður		2.734.131	1.585.348
Laun og launatengd gjöld	3	4.081.923	600.000
Rekstur fasteignar		2.945.971	2.618.138
Annar rekstrarkostnaður		1.166.817	992.040
		<u>10.928.842</u>	<u>5.795.526</u>
Rekstrarhagnaður (-tap)		(467.342)	859.474
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		77.207	57.095
Vaxtagjöld		(846)	(16.337)
		<u>76.361</u>	<u>40.758</u>
Hagnaður (tap) ársins		<u>(390.981)</u>	<u>900.232</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

	Skýr.	31.12 2016	31.12 2015
Eignir			
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		85.000	115.000
Handbært fé		3.436.483	3.087.572
		<u>3.521.483</u>	<u>3.202.572</u>
Eignir samtals		<u>3.521.483</u>	<u>3.202.572</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	4		
Stofnfé		1.083.000	1.083.000
Varasjóður		1.524.571	1.915.552
		<u>2.607.571</u>	<u>2.998.552</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir:			
Fyrirframinnheimtar tekjur		0	45.000
Viðskiptaskuldir		127.073	159.020
Ýmsar skammtímaskuldir		786.839	0
		<u>913.912</u>	<u>204.020</u>
Skuldir samtals		913.912	204.020
Eigið fé og skuldir samtals		<u>3.521.483</u>	<u>3.202.572</u>

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

AkureyrarAkademían er sjálfseignarstofnun sem starfar samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. AkureyrarAkademían sem var stofnuð á árinu 2014 er samfélag fólks á Norðurlandi sem lokið hefur háskólaprófi og sinnir fræði- og /eða ritstörfum.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum hér á eftir.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningsskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Skráning tekna

Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af leigutekjum vegna lands og mannvirkja ásamt framlögum og styrkjum til rekstrarstofnunarinnar.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar þegar líklegt þykir að stofnunin muni hafa hagrænan ávinning af þeim og unnt er að meta fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti. Vaxtatekjur vegna bankainnstæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti niðurfærslu. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda til að mæta mögulegri tapsáhættu ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

Handbært fé

Handbært fé og ígildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

3. Laun og launatengd gjöld

	2016	2015
Laun	2.880.557	0
Verktakagreiðslur vegna reksturs	190.000	600.000
Bifreiðastyrkur	104.016	0
Lífeyrisiðgjöld	297.540	0
Tryggingagjald	223.111	0
Áunnið orlof, breyting	311.274	0
Önnur launatengd gjöld	75.425	0
	<u>4.081.923</u>	<u>600.000</u>
Fjöldi ársverka	0,5	

Stofnunin hefur ekki gert neina samninga við starfsmenn eða stjórnendur um lífeyris- eða eftirlaunagreiðslur.

Skýringar

4. Eigið fé

Heildarstofnfé nam í árslok kr. 1.083.000.

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Stofnfé	Varasjóður	Eigið fé samtals
Staða í ársbyrjun	1.083.000	1.915.552	2.998.552
Tap ársins		(390.981)	(390.981)
Staða í árslok	1.083.000	1.524.571	2.607.571

Sundurliðanir með ársreikningi

Rekstrartekjur

	2016	2015
Ríkisframlög	7.196.000	4.000.000
Húsaleigutekjur	2.065.000	2.484.000
Félagsgjöld	48.000	0
Styrkir og önnur framlög	1.100.000	171.000
Tekjur vegna kennslu	52.500	0
	10.461.500	6.655.000

Rekstrargjöld

	2016	2015
Verkefnakostnaður		
Fyrirlestraröð	449.822	579.104
Enginn er eyland	1.150.451	202.747
Afmælisfögnuður	137.563	0
Hagnýtt örnámskeið	168.872	0
Samtal um hamingjuna	541.538	0
Fyrirlestraröð á öldrunarheimilum	186.585	0
Barnabókakynning	99.300	0
Eldsumbrot	0	487.936
Svo fengu þær að kjósa	0	315.561
	2.734.131	1.585.348

Laun og launatengd gjöld

Laun	2.880.557	0
Verktakagreiðslur vegna reksturs	190.000	600.000
Bifreiðastyrkur	104.016	0
Lífeyrisiðgjöld	297.540	0
Tryggingagjald	223.111	0
Áunnið orlof, breyting	311.274	0
Önnur launatengd gjöld	75.425	0
	4.081.923	600.000

Rekstur fasteignar

Húsaleiga	1.615.510	1.588.728
Viðhaldskostnaður	47.434	0
Rafmagn og hiti	268.117	264.612
Öryggisgæsla	19.769	37.200
Snjómokstur	92.500	90.595
Sorphirða	47.950	47.862
Ræsting og hreinlætisvörur	329.814	260.000
Gjaldfærð áhöld og tæki	410.996	196.084
Kaffistofa	83.879	101.701
Tryggingar	30.002	31.356
	2.945.971	2.618.138

Annar rekstrarkostnaður

Póst- og sendingarkostnaður	41.975	0
Auglýsingar	84.067	94.611
Pappír, prentun og ritföng	151.199	79.867
Endurskoðun og reikningsskil	421.593	151.032
Vefsíðu, síma og internetkostnaður	356.015	512.420
Ferðakostnaður og ráðstefnur	69.909	116.899
Bankakostnaður og þjónustugjöld	37.301	29.053
Ýmis annar kostnaður	4.758	8.158
	1.166.817	992.040